

þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

## 18. gr.

Söluskattur er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

## 19. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

## 20. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Verðlækkun sú, sem fólgin er í þessari nýju gjaldskrá fyrir orkusölu, skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Notkun skv. mælaálestri eftir gildistöku í janúar skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 4.5% álagi.
2. Notkun skv. mælaálestri í febrúar skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 9% álagi.
3. Notkun skv. mælaálestri í marz skal reiknuð í einingarverði gjaldskrár þessarar og síðan öll notkun úr því.
4. Þar sem álestur mæla fer fram mánaðarlega, skal notkun skv. álestri eftir gildistöku í janúar greidd með einingarverði gjaldskrár þessarar.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 237 30. desember 1963, ásamt síðari breytingum.

*Atvinnumálaráðuneytið, 23. janúar 1968.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

24. janúar 1968.

Nr. 9.

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.**

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

41. Nefnd Verkalýðsfélags Hveragerðis.  
Staðfest 22. jan. 1968.
42. Nefnd Verkalýðsfélags Borgarness.  
Staðfest 22. jan. 1968.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1968.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*